

26
8. sept.

L Ö G

um

breyting á lögum nr. 18, 20. okt. 1905, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Heimild sú, sem með lögum nr. 1, 3. jan. 1890, um lögreglusamþykktir
fyrir kaupstaðina, er veitt kaupstöðum landsins til að gera lögreglusamþykktir,
skal ná til allra hreppa á landinu.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felldur 1. másl. laga nr. 18, 20. okt. 1905,
og lög nr. 7, 18. maí 1920.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 8. september 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.